

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík 23. apríl 2001

TILVÍSUN
2001040246


Með bréfi dags. 10. apríl sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál.

Seðlabanki Íslands er skv. 4. gr. l. um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 ekki skattskyldur aðili. Þessi undanþága frá skattskyldu er efnislega tilgreind í 36. gr. fyrirbyggjandi frumvarps.

Í þriðja kafla frumvarpsins einkum 14. - 17. grein þess eru ákvæði sem kveða á um og takmarka umsvif og viðskipti Seðlabankans. Ríkisskattstjóri telur þessi ákvæði fullnægjandi og tryggja að starfsemi bankans sé í samræmi við forsendur þess að hann er ekki skattskyldur aðili.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að veita umsögn um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri